

<p align="center">Eyðublað matvælaráðuneytis vegna tillögu sveitarstjórnar að sérstökum skilyrðum fyrir úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2022/2023</p>	
<p>Til útfyllingar fyrir þau sveitarfélög sem óska eftir að senda inn tillögu að sérstökum skilyrðum.</p> <p>Ef sveitarfélög óska ekki eftir að sérstök skilyrði verði sett þá er mælt til þess að matvælaráðuneytinu verði send yfirlýsing þess efnis.</p>	
Sveitarfélag:	Grýtubakkahreppur
Tillaga varðar hluteigandi byggðarlag/byggðarlög:	Grenivík
Dagsetning staðfestingar sveitarstjórnar á tillögu:	9. janúar 2023
Tillaga varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)	
Tillaga varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)	Vikið er frá viðmiðun við landaðan afla og ákvæðum um löndunarskyldu.
Rökstuðningur varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)	Á Grenivík er nánast engum afla landað, en á staðnum eru tvær fiskvinnslur sem vinna árlega úr á bilinu 3 til 5 þúsund tonnum. Öllum afla er landað annarsstaðar og keyrt til vinnslu á Grenivík. Því verður að víkja frá reglugerð með ofangreindum hætti ef einhver eðlileg viðmiðun á að nást.
Tillaga varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)	
Tillaga varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)	<p>Bókun sveitarstjórnar:</p> <p>6. Erindi frá Matvælaráðuneyti, úthlutun byggðakvóta 2022/2023, dags. 12. des. 2022.</p> <p>Með bréfi Matvælaráðuneytis dags. 12. des. 2022, er boðuð úthlutun byggðakvóta fiskveiðiaríð 2022/2023 og koma 141 þorskígildistonn í hlut Grýtubakkahrepps. Jafnframt er óskað eftir sérreglum sveitarstjórna og bókar sveitarstjórn Grýtubakkahrepps eftirfarandi er varðar sérreglur við úthlutun byggðakvóta í sveitarfélaginu;</p> <p>þar sem afla Grenivíkurbáta er almennt landað annarsstaðar og ekið til vinnslu á Grenivík, samþykkir sveitarstjórn að eftirfarandi sérreglur gildi um úthlutun byggðakvóta hreppsins:</p> <p>1/3 hluta kvótans skal deila jafnt milli þeirra skipa sem sækja um byggðakvóta og eiga heimahöfn í Grýtubakkahreppi.</p> <p>2/3 hlutum kvótans, skal skipta í hlutfalli við úthlutað aflamark sömu skipa fiskveiðiaríð 2022/2023</p> <p>Að öðru leyti fer eftir reglugerð um úthlutun byggðakvóta nr. 1370/2022 og lögum um stjórn fiskveiða.</p>
Rökstuðningur varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)	Sjá rökstuðninga að ofan. Þau skip sem eru með umtalsvert aflamark landa almennt ekki á Grenivík, en einnig er tekið tillit til smábáta sem hafa t.d. verið á strandveiðum og grásleppuveiðum en eru kvótalítlir eða án kvóta að öðru leyti. Með þeirri reglu sem sveitarstjórn hefur miðað við er farinn millivegur um úthlutun þannig að allir útgerðaraðilar á staðnum hafi möguleika. Þessi regla hefur verið viðhöfð óbreytt um árabil og má sjá að ríki um sæmileg sátt.

Tillaga varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)	
Tillaga varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)	Fallið er frá löndunarskyldu.
Rökstuðningur varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)	Sjá fyrri rökstuðning.
Tillögur sveitarstjórnar sendist rafrænt til matvælaráðuneytis á tölpóstfangið mar@mar.is .	